

AUGLÝSING

um umferð í Varmahlíð.

Að fengnum tillögum sveitarstjórnar Seyluhrepps og samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Bifreiðastöður eru bannaðar á vestanverðum Birkimel framan við Félagsheimilið Miðgarð í Varmahlíð.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Skagafjarðarsýslu, 3. febrúar 1988.

Halldór Þ. Jónsson.

26. janúar 1988

Nr. 55

REGLUR

um úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði.

1. gr.

Rannsóknasjóður er myndaður samkvæmt 18. gr. laga nr. 48/1987 og er í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að efla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi til nýsköpunar og styrktar íslensku atvinnulífi.

2. gr.

Rannsóknaráð ríkisins ákveður styrkveitingar úr Rannsóknasjóði. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn og skipar ráðið sérfróða menn til að meta umsóknir. Rannsóknaráð getur þó boðið innlendum eða erlendum vísindamanni, forstöðumanni rannsóknastofnunar eða fyrirtæki fjárstyrk til að ákveðinna rannsóknna. Einnig getur ráðið að eigin frumkvæði veitt styrki úr sjóðnum til að undirbúa eða skipuleggja rannsóknna- eða þróunarverkefni á sviðum, sem það telur mikilvæg.

3. gr.

Auglýst skal eftir umsóknum um styrki með hæfilegum umsóknarfresti.

Í auglýsingu skal getið um forgangssvið, sem Rannsóknaráð ákveður árlega, svo og forsendur við mat umsókna. Ákvörðun um styrkveitingar skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá lokum umsóknarfrests og birt opinberlega.

4. gr.

Um styrk geta sótt einstaklingar, stofnanir eða fyrirtæki. Umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum. Standi fleiri aðilar en einn sameiginlega að umsókn skal gerð grein fyrir skiptingu verkefna, kostnaðar og ábyrgðar.

5. gr.

Styrkir skulu aðallega veittir til rannsókna og tilraunastarfsemi sem líkleg er til að stuðla að nýsköpun í atvinnulífi á næstu árum, en heimilt er einnig að styrkja verkefni sem miða að uppbyggingu á aðstöðu, þekkingu og færni á tilteknum sviðum.

Styrkur er ætlaður til að greiða laun og útlagðan kostnað, svo og beinan stjórnunar- kostnað við verkefnið. Heimilt er og að styrkja tækjakaup til einstakra verkefna, enda séu tækin til sérstakra nota í verkefninu en ekki til almennra nota eða þjónustu í viðkomandi